

## Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum í Hafnarfirði

### 1. gr.

Baðvörður/forstöðumaður fer með umboð íþróttafulltrúa/skólastjóra gagnvart notendum íþróttasalar/sundlaugar, viðkomandi húsrými svo og tækjum og búnaði. Hann sér um að öll notkun og starfræksla fari fram samkvæmt gildandi reglum og ákvæðum samkvæmt samþykktum reglum um öryggi í sundlaugum og íþróttahúsum, sem samþykktar eru af Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hann ber ábyrgð á eignum gagnvart íþróttafulltrúa/skólastjóra, en á umsjón með nemendum/iðkendum í samstarfi við starfandi íþróttakennara/þjálfara hverju sinni og þeim ber í sameiningu að fara yfir vinnutilhögun í tengslum við kennslu og þjálfun í upphafi hvers tímabils.

### 2. gr.

Baðvörður/forstöðumaður skal vera mættur til starfa 15 mínútur áður en fyrsta kennslustund á að hefjast og eigi fara fyrr en búíð er að ræsta eftir nemendum/iðkendur í síðustu kennslustund/æfingátíma, sem skulu yfirgefa íþróttamannvirkið 20 mínútur eftir lokun.

### 3. gr.

Baðvörður/forstöðumaður skal annast eftirfarandi:

1. Að hleypa nemendum inn í forstofu og sjá um að þeir fari úr útiskóm og komi þeim á stað sem hann vísar á.
2. Að fylgja/vísa nemendum í búningsherbergi það tímalega að þeir geti haft fataskipti áður en kennslustund hefst. Varðandi sund skal baðvörður sjá til þess að nemandi baði sig samkvæmt reglum sundstaðar áður en gengið er til laugar.
3. Að taka á móti nemendum sem ljúka æfingum í sal/sundlaug, sjá um að þeir búist til baðs, fylgja/vísa þeim í baðherbergi, stjórna blöndun baðvatns, sjá um að nemendur nýti baðið vel, þ.e. sápi sig og skoli og þurrki sér vel. Fylgi/vísi þeim því næst í búningsherbergi og gæti þess að þeir klæði sig á hæfilegum tíma, fylgi/vísi þeim til forstofu þar sem þeir fara í útiskó, og hleypi þeim út úr húsinu.
4. Að halda hreinu þurrk- og baðherbergi, að fjarlægja þaðan alla aðskotahluti, setja sápu, sem fallið hefur á baðherbergisgólfið, í sápuskálar, sjá til þess að fljótandi sápa fljóti ekki á baðherbergisgólf, halda baðherbergi hreinu og þurru og geymi fatnað eða muni sem nemendur hafa gleymt.



## HAFNARFJÖRÐUR

5. Að fylgja hreinlætisáætlun viðkomandi mannvirkis sem tryggir meðal annars að daglega sé þrifið, gólf bað- og búningsherbergja, salerni, þvagskálar og vaskar með sótthreinsiefnum, gólf ganga, forstofu, trappa og anddyri. Ásamt öðru því sem hreinlætisáætlunin mælir fyrir.
6. Að sjá til þess að íþróttatæki og búnaður séu í góðu ástandi og líti þrífalega út.
7. Að sjá um að allar vistaverur íþróttamannvirkisins séu vel loftræstar og hitun hæfileg.
8. Að sjá til þess að í tilfallandi eyðum sé dregið yfir viðkomandi íþróttagólf með hreinum gólfklút.

### 4. gr.

Baðvörður skal taka á móti símtölum og veita upplýsingar. Baðvörðum er bannað að nota síma að fyrra bragði þegar þeir eru við laugarvörslu.

### 5. gr.

Við baðvörslu klæðist baðvörður sérstökum merktum fötum. Fatnað þennan leggur sveitarfélagið/rekstraraðili honum til og kostar þvott og viðhald á honum.

### 6. gr.

Baðvörður taki eigi til varðveislu af nemendum verðmæta hluti eða peninga. Allt slíkt taki þeir með sér inn í sal/sundlaug og komi því fyrir á stað sem kennari vísar á eða í öryggishólf í viðkomandi íþróttamannvirki.

### 7. gr.

Niðurröðun nemenda til fataskipta í búningsherbergi skal háð ákvörðun íþróttakennara. Einnig kveður íþróttakennari á um hvernig hann vill að nemendur gangi frá fötum og handklæðum.

### 8. gr.

Hafi nemendur í frammi hrekki, háreisti, átök eða hrindingar í búningsherbergi og láti ekki segjast við afskipti baðvarðar er honum skylt að leit aðstoðar íþróttakennara.

### 9. gr.

Vilji nemendur ekki fara í bað, skal baðvörður leita álits og tilkynna íþróttakennara. Íþróttakennari eða viðkomandi starfsmaður heilsugæslu skólans geta veitt nemendum undanþágu frá böðum. Samstarf baðvarðar/forstöðumanns og íþróttakennara þarf að vera gagnkvæmt varðandi upplýsingaskyldu um hegðun og sérstöðu einstakra nemenda

**10. gr.**

Reglur þessar eru endurskoðaðar leiðbeinandi reglur frá því 1992 sem gefnar voru út af Menntamálaráðuneytinu.

**11. gr.**

Gildistaka þessara reglna er frá og með samþykkt Íþróttá- og tómstundanefndar og staðfestingar í Fræðsluráði.

Hafnarfirði 12. júní árið 2017

Samþykkt í íþróttá- og tómstundanefnd 12. júní 2017

Staðfest í Fræðsluráði xx 2017

Kynnt forstöðumönnum íþróttamannvirkja í Hafnarfirði sem eru í eigu eða leigu Hafnarfjarðarbæjar á fundi xx 2017

Kynnt fræðslustjóra og skólastjórum grunnskóla xx 2017